



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Nútímadanshátíðar í Reykjavík
3. september 2004**

Ágætu hátíðargestir,
Listafólk
Distinguished artists who have come from afar

Nútímadanshátíðin heilsar okkur nú í þriðja sinn, kærkomin sönnun þess hve traustum rótum listgreinin hefur skotið í menningarlífi okkar Íslendinga; fjölbreytni verkanna sýnir grósku sem ríkir í öflugri sveit, sveit sem borið hefur hitann og þungann af brautryðjandastarfi.

Við fögnum einnig góðum gestum sem gefa hátíðinni alþjóðlegan blæ; vonandi er þátttaka þeirra vísbending um að hátíðin sem á ensku ber heitið Reykjavik Dance Festival verði í vaxandi mæli alþjóðlegur viðburður.

Áhrifafólk í öðrum löndum, listunnendur og fjölmiðlasveit sem beinir sjónum að menningarlífi veita Íslandi æ meiri athygli, furða sig á sköpunarkraftinum sem hér flæðir fram, frumleikanum, þróttinum, benda á orku og ögrun sem virðast einkenna framgöngu Íslendinga í bókmenntum, tónlist, dansi, myndlist, leiklist og á fleiri sviðum.

Kannski er það vegna þess að í stærri samfélögum hefur stöðlun, löngun til að líkjast öðrum, magnið og manngrúinn drepið frumleikann í dróma en hér fær fólk blessunarlega að vera það sjálft, enginn kippir sér upp við tilraunir sem hafa á sér óvæntan blæ.

Ég held líka að náíð samneyti, samstarf fólks úr ólíkum listgreinum, sem er reyndar íslensk arfleifð, skortur á skrifræði í menningarlífi, vinátta og virðing fyrir verkum hvers og eins, eiginleikar sem auðvelt er að fóstora í fámenninu – allt þetta gefur íslensku listalífi sköpunarkraft, orku til endurnýjunar sem erfitt reynist að fóstora í öðrum löndum.

Þessi jarðvegur nýbreytni og frumleika veitir íslenskum nútímadansi öfluga næringu og athafnagleði, afl til að láta að sér kveða og færa nýja reynslu á alþjóðlegan listavöll, öðlast sérstöðu en vera jafnframt enginn eftirbátur hins besta sem þekkist í veröldinni.

Það er ef til vill meinloka í lítilli þjóð að sætta sig aðeins við þann mælikvarða sem heimurinn leggur á helstu afrek, að vilja ná árangri sem stenst ströngustu kröfur. En það er einmitt þessi hugsun sem knúið hefur okkar fólk til að skara framúr og skila verkum sem eftir er tekið í öðrum löndum.

Slíkt er veganestið sem danshátíðin hefur hlotið og dagskráin nú sýnir að hátt er stefnt, verkin bera vitni um íslenska sköpun og alþjóðleg áhrif.

We also welcome warmly distinguished artists, dancers and guests from other countries and appreciate profoundly your contribution to giving the Reykjavik Dance Festival an ever-growing international dimension.

It is our hope that the Festival will grow into an annual event, a celebration of creativity and daring, a manifestation of how contemporary dance has provided the Icelandic cultural garden with fascinating new flowers, given us new perspectives through international artistic partnerships, and demonstrated how we can be both Icelandic and global in the revitalization of our culture.

With these words I declare the Reykjavik Dance Festival formally open og flyt ykkur öllum þakkir fyrir frábært framlag og einnig hugheilar árnaðaróskir.